

Þó skal sjóðsstjórn heimilt að úthluta vaxtaupphæð annað hvort ár og má þá greiða tvo þriðju hluta vaxta tveggja ára í einu. Frá því höfuðstóllinn nær kr. 250 000.00, má veita árlega alla vexti hans.

7. gr.

Höfuðstóllinn skal, að öðru leyti, efla með frjálsum gjöfum eða áheitum.

8. gr.

Af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum styrk til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum.

9. gr.

Sjóðsstjórn er ennfremur heimilt, að veita öðrum einstaklingum, eða starfs-
hópum, viðurkenningu fyrir mikilvæg störf unnin á sviði dýralækninga.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 4. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1975 (á níraðisafmæli Sigurðar E. Hlíðar).

10. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands að skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

Neðanskráð félög í Kópavogi stofna hér með

s j á l f s e i g n a r s t o f n u n ,

sem heitir Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi,

Junior Chamber Kópavogur

Kirkjufélag Digranesprestakalls

Kiwanisklúbburinn Eldey

Kvenfélag Kópavogs

Lyonsklúbbur Kópavogs

Lionsklúbburinn Muninn

Rauðakrossdeild Kópavogs

Rotaryklúbbur Kópavogs

Soroptimistaklúbbur Kópavogs.

Eignir stofnunarinnar eru framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum samtals kr. 3 450 000.00. Skuldir eru engar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu. Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur stofnun þessari eftirfarandi

s k i p u l a g s s k r á :

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum og sjúkum heimilisvist og aðhlyningu á hjúkrunarheimilinu og svo góða umönnun sem frekast er unnt.

Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé öldruðum og sjúkum til aðhlyningar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirðinu sé beinlínis varið til að halda hjúkrunarheimili eða sjúkrahússtarfsemi áfram hér í bænum, sbr. 8. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hver stofnenda kys einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Kosning fer fram á aðalfundi eða aukafundi sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur, enda þess getið í fundarboði, að kjósa eigi fulltrúa þessa.

Kosning gildir í 8 ár, eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar að láta af störfum eða hættir sannanlega að sinna þeim. Þó skal helmingur fulltrúa kosinn til 4 ára í fyrsta sinn samkvæmt hlutkesti. Þau félag er ekki auglýsa fundi kjósa fulltrúann á sama tíma og fastanefndir eru kosnar.

Fulltrúaráðið skal kvatt saman minnst tvisvar á ári. Það kys stjórn samkvæmt 4. gr., er tengiliður stjórnar og stofnenda og fær skýrslu um rekstur liðins árs. Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi með einnar viku fyrirvara. Sérhver löglega boðaður fundur er lögmætur.

4. gr.

Stjórn hjúkrunarheimilisins skipa 3 — þrír — menn og 2 til vara búsettir í Kópavogi eða á höfuðborgarsvæðinu. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt, heldur málfrelsi og tillögurétt. Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár. Kjósa skal formann sérstaklega en meðstjórnendur saman og varamenn saman. Kjósa skal þá hlutbundinni kosningu, ef 2 fulltrúaráðsmanna óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman.

Verði sæti formanns eða meðstjórnanda laust, skipa aðrir stjórnarmenn mann úr fulltrúaráðinu í stað hans til loka kjörtímabils.

5. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka er þörf krefur og ástæður leyfa.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum. Þó skal hún sjálf hafa yfirstjórn fjármála og starfsfólk bundna prókúru (sjá nánar í reglugerð).

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag hjúkrunarheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum útnefndum af ríkisendurskoðun og hinum af bæjarstjórn Kópavogs. Stjórnin leggur síðan endurskoðaðan reikninginn fyrir fulltrúaráð til afgreiðslu. Reikninginn skal síðan senda samþykktan til bæjarstjórnar Kópavogs til kynningar, en útdráttur úr honum skal birtur í opinberu blaði.

6. gr.

Peningar þeir, sem hjúkrunarheimilið kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráð setur reglur fyrir hjúkrunarheimilið.

8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin, sbr. 9. grein, sjái sér ekki fært að reka hjúkrunarheimilið áfram, gefi hún bæjarstjórn Kópavogs kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess og yrði þá stofn að sjúkrahúsi í Kópavogi, en hafni hún því boði, fellur hjúkrunarheimilið með öllum eignum þess til ríkisspítalanna í þágu þjónustu við aldraða og sjúka í Kópavogi.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef $\frac{1}{4}$ fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur. Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að tveir stjórnarmenn velja þriðja mann í stjórn, með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með $\frac{1}{4}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráð hefur lagt niður samkvæmt ákvæðum 9. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um, með þeirri breytingu, að $\frac{2}{3}$ stjórnar komi í stað $\frac{1}{4}$ hluta fulltrúaráðs.

REGLUGERÐ

um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

Verkleg próf fyrir löggilta endurskoðendur skulu haldin af prófnefnd er ráðherra skipar.

2. gr.

Ráðherra skal skipa þrjá menn í prófnefnd.

Einn prófnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu stjórnar Félags löggilta endurskoðenda, einn eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

Nefndin skal skipuð til fimm ára í senn.